

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 27. september 2022

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi að breytingu á raforkulögum

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 165/2022, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að frumvarpi að breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003. Í kynningu um málið segir að í drögum að umræddu frumvarpi er lögð til breyting á raforkulögum sem ætlað er að skýra betur lagaheimild dreifiveitna til að haga gjaldskrá sinni þannig að almennir notendur dreifikerfisins beri ekki kostnað ef tengingar nýrra viðskiptavina við kerfið valda viðbótarkostnaði sem bundinn er við þá tenginu. Með því verði tryggt að ekki leiki vafi á um forsendur gjaldtöku vegna þess viðbótarkostnaðar sem til fellur við tenginguna. Þá segir að samráð um áform um lagasetninguna hafi ekki farið fram sökum þess að aðkallandi sé að taka af öll tvímæli um heimild dreifiveitna til að innheimta viðbótarkostnað sem fjallað er um í þessu frumvarpi. SI hafa kynnt sér efni fyrirbyggjandi frumvarps og óska eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Fyrir það fyrsta benda SI á að boðaðar breytingar munu hafa áhrif á almenna notendur í raforkukerfinu. Þegar litið er til skilgreiningar á notendum skv. 3. gr. raforkulaga, sbr. 11. og 19. tölul. þess ákvæðis er ljóst að boðuð breyting mun hafa áhrif jafnt á almenning og fyrirtækir, þ.e. þá aðila sem dreifiveitum er heimilt að eiga í viðskiptum við lögum samkvæmt enda greina lögin eingöngu á milli stórnotenda annars vegar og almennra notenda hins vegar. Af þeim skilgreiningum má draga þá ályktun að almennir notendur eru jafnt heimili sem og fyrirtæki og því er ljóst að breytingarnar munu taka j til beggja þessara notendahópa.

Að því sögðu ítrekast hér að sérleyfisstarfsemi á sviði dreifingar á raforku er ákveðin grunnþjónusta sem mikilvægt er að starfi samkvæmt skýrum reglum um tekjumörk og skilvirku eftirliti, hvort sem um er að ræða innheimtu gjalda eða þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru í slíkum rekstri. Víkur þá hér næst að orðalagi í fyrirbyggjandi drögum þar sem í 1. gr. er vísað til orða á við *edlilegum stofn- og rekstrarkostnaði* og síðar í ákvæðinu er vísað til heimildar til að innheimta *viðbótarkostnað*. Þessu til viðbótar er í lokamálslið ákvæðisins vísað til verulegra breytinga á *forsendum*. Hvað þetta varðar, sem og í samræmi við þá almennu kröfu um að íþyngjandi lagaákvæði skuli vera skýr og ótvíræð, sér í lagi er viðkemur heimildar til innheimtu á opinberum gjöldum, þá telja SI

að orðalag ákvæðisins taki ekki með nægilega skýrum hætti á þeim tilvikum sem þar er vísað til og því um að ræða verulega matskennd sjónarmið.

Telja SI mikilvægt að í lagatexta sé skýrt nánar hvaða tilvik er um að ræða sem breytingunni er ætlað að taka til, s.s. hvað er eðlilegur stofn- og rekstrarkostnaður og hvenær framkvæmdir eða tengingar víkja frá slíku viðmiði. Ítrekast hér mikilvægi almennrar kröfu um skýrleika gjalda sem og forsendna gjalda, sbr. m.a. bréf umboðsmanns Alþingis til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 29. desember 2020, mál nr. 1775/1996, og þá sér í lagi umfjöllun umboðsmanns í IV. kafla erindisins. Ef slíkar heimildir eru ekki afmarkaðar með hlutlægum hætti í lögum er ávallt til staðar sú áhætta að forsendur og innheimta þeirra grundvallist á huglægu mati og þ.a.l. matskenndum sjónarmiðum hverju sinni.

Því telja SI mikilvægt að taka til skoðunar samhliða boðaðri breytingu á hvaða hátt nýjum viðskiptavinum kunni að vera umbunað ef hagræði verður af nýrri tengingu. Vísast hér m.a. til 2. másl. 1. mgr. 16. gr. a í reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, er viðkemur flutningskerfinu og nýjum tengingum, þar sem segir taka skuli tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins. Að mati SI eiga sömu sjónarmið við hvað varðar, að breyttu breytanda, nýjar tengingar í dreifikerfi og raforku og skora samtökin á ráðuneytið að tryggja að sambærileg sjónarmið taki einnig til í því tilviki sem hér er til umfjöllunar í fyrirbyggjandi drögum.

Í ljósi framanritaðs er að mati SI úrbóta þörf á fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til að tryggja, eins og fram kemur í kynningu með þeim drögum, að *skýra betur lagaheimild* dreifiveitna til innheimtu á sértækum kostnaði. Að mati SI er eins og áður segir margt óljóst hvað þann meinta skýrleika varðar og eftir standa huglæg og matskennd skilyrði hvað þá gjaldtöku varðar sem mikilvægt er að skýra nánar með hlutlægum hætti.

SI gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,



Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála